

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 122/1260*  
*komudagur 18.3.'98*



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
B/t Hafðísar Ólafsdóttur, nefndarritara  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 1998.

**Efni: Frumvarp til laga um áfengisgjald (480. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að láta í ljós afstöðu sína til framangreinds frumvarps. Verslunarráð vill af því tilefni ítreka fyrri afstöðu sína um að skattlagning á áfengi sé of há héraendis, en það kemur niður á ferðapjónustunni í landinu, eykur hættuna á áfengissmygli og landabruggi og kann jafnvel að leiða til aukinnar neyslu ólöglegra vímugjafa. Verslunarráð getur hins vegar fallist á ákveðnar breytingar, sem í frumvarpinu felast, svo sem löngu tímabært afnám laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt. Önnur atriði frumvarpsins þarf hins vegar að endurskoða í veigamiklum atriðum og fara athugasemdir þar að lútandi hér á eftir:

## **2. gr. - 1. og 2. töluliður**

Í greininni er fjallað um breytingar á fjárhæð áfengisgjalds. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir óbreyttri skattheimtu af áfengu öli og nokkurri lækkun skattheimtu af léttum vínnum. Sú lækkun er í samræmi við sjónarmið Verslunarráðs, en jafnframt ber að benda á að eðlilegt hefði verið að lækka skattinn á ölið með sambærilegum hætti. Áfengt öl og léttvín eru staðgönguvörur í mjög mörgum tilvikum, enda er þeirra neytt við svipuð tilefni, sömu reglur gilda um aðgang neytenda að þeim og er því vandséð hvers vegna löggjafinn ætti að gera mismun á milli þeirra í skattalegu tilliti. Minna má á að athugasemdir hagsmunaaðila í ferðapjónustu við áfengisgjaldið hafa ekki síður beinst að skattlagningu öls en léttvíns, en Verslunarráð hefur tekið undir þau sjónarmið. Þá má að lokum benda á, að með mismunun milli öls og léttvíns eru innlendir bjórframleiðendur settir í aðra og verri stöðu en seljendur erlends léttvíns. Eðlilegast væri að aðilar sætu við sama borð að þessu leyti.

## **2. gr. - 3. tl.**

Í 3. tölulið greinarinnar er ákvæði sem felur í sér örtilta lækkun á áfengisgjaldi á hvern sentilíttra vínanda í öðrum tegundum áfengis en fjallað er um í 1. og 2. tölulið. Hins vegar felst líka í þessum tölulið niðurfelling viðmiðunarmarkanna 2,25%, þannig að miðað er við allt vínandamagnið í drykknum en ekki bara það sem er umfram 2,25%. Í greinargerð kemur fram að þessi breyting myndi í heild leiða til hækkunar áfengisgjalds á sterka drykki,

*Póstáritun:*  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 588 6666  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is

en raunar minnst á þá sterkustu en mest á þá drykki þar sem eimuðu áfengi hefur verið blandað í óáfenga drykki ("áfengisgos").

Við þessa breytingu er ástæða til að gera ýmsar athugasemdir. Í fyrsta lagi felst mikil neyslustýring í mismuninum milli sterkra drykkja annars vegar og léttvíns og öls hins vegar í þessu ákvæði. Þessi neyslustýring er ekki studd neinum rökum í greinargerð með frumvarpinu að öðru leyti en því, að fram kemur að æskilegt þyki út frá áfengisvarnarsjónarmiðum að beina neyslu frá "áfengisgosinu". Það sjónarmið er hins vegar ekki skýrt frekar. Ef byggja á neyslustýringu frá sterku áfengi til léttvíns og öls á einhvers konar heilbrigðissjónarmiðum er nauðsynlegt að fram komi traustur rökstuðningur og gögn sem benda í þá átt. Ef slík gögn eru ekki fyrir hendi er eðlilegt út frá jafnræðissjónarmiði, að allir áfengir drykkir séu skattlagðir með sama hætti, þannig að áfengisgjaldið verði áfram jafnt hátt á hinum mismunandi tegundum áfengis og að áfram verði stuðst við 2,25% viðmiðunina.

Varðandi áfengisgosið sérstaklega er tilefni til að benda á, að með því að skattleggja það með öðrum hætti en vörur eins og til dæmis öl eða "epla-cider" af sama styrkleika, sem veldur sömu ölvunarhrifum og er að flestu leyti sambærileg vara, er verið að mismuna á ómálefnalegum forsendum. Þótt það komi ekki fram í greinargerð, má ætla af opinberri umræðu um málið, að þessi tillaga um mismunun styðjist við hugmyndir um að áfengisgosið hafi meira aðráttarafi fyrir ungmenni undir lögaldri vegna bragðs og útlits umbúða. Ekki er byggt á slíkum forsendum þegar greint er á milli skattlagningar á aðra áfenga drykki skv. frumvarpinu. Þar er ekki horft til huglægra þátta eins og hvort umbúðir þessarar eða hinnar vorkategundarinnar höfði sérstaklega til fólks undir lögaldri eða hvort tilteknir líkjörar séu svo sætir á bragðið að þeir höfði til unglínga. Slík aðgreining væri líka ógerleg, enda er smekkur og afstaða til bragðs og útlits umbúða alls ekki hlutlægur mælikvarði, sem byggjandi er á við skattlagningu.

**Verslunarráð telur eðlilegt í ljósi þess sem að framan greinir, að sameina 1. 2. og 3. tölulið 2. gr. og kveða á um að áfengisgjald á alla þá vöruflokka, sem þar eru taldir upp, skuli vera 52,80 kr. á hvern sentilítra vínanda umfram 2,25% í hverjum lítra hins áfenga drykkjar.**

Verði ekki fallist á þessa tillögu telur Verslunarráð að miða eigi mismunun í gjaldtökunni aðeins við hlutfallslegt vándamagn í hinum áfenga drykk, t.d. með því að gjald á hvern vándasentilítra í lítra sé lagt á í tveimur þrepum, t.d. ein upphæð á alla drykki undir 22% en einhver önnur og hærrí á drykki af styrkleika yfir 22%. Verslunarráð telur slíkt alls ekki góða lausn í ljósi þess sem að framan segir, en þó ásættanlegri en þá tillögu sem felst í núverandi 2. gr. frumvarpsins.

#### 4. gr.

Í greininni felst sú breyting, að í stað þess að innflytjendur og framleiðendur áfengis tilkynni skattstjóra á hverjum stað um starfsemi sína skuli beina slíkum tilkynningum til ríkisskattstjóra. Jafnframt skuli ríkisskattstjóra halda heildarskrá yfir alla þá sem gjaldskyldir eru. Samkvæmt athugasemdum við 4. gr. kemur fram að miðað sé við að ríkisskattstjóri taki alfarið við álagningu og eftirliti vegna gjalds á innlenda framleiðslu á áfengi úr höndum einstakra skattstjóra (álagning og innheimta vegna innflutnings verður þó áfram í umdæmunum sjálfum, enda er gjaldið innheimt við innflutning). Þrátt fyrir að þessi breyting sé ekki veruleg, ef tekið er tillit til þess um hve fáa áfengisframleiðendur er að ræða í landinu, telur Verslunarráð hana óæskilega, enda er eðlileg verkaskipting milli ríkisskattstjóra og skattstjóra í einstökum umdæmum sú, að skattstjórarnir hafi með höndum álagningu og innheimtu, en ríkisskattstjóri fari hins vegar með eftirlitshlutverk með störfum þeirra.

## 5. gr.

Það horfir til framfara í greininni, að í stað heimildar fjármálaráðherra til að setja reglugerð um niðurfellingu eða endurgreiðslu áfengisgjalds í tilteknum tilvikum komi orðalagið: "Áfengisgjald skal fella niður eða endurgreiða...", þegar umræddar aðstæður eru fyrir hendi. Slík breyting er að sjálfsögðu til bóta. Í b- og e- lið greinarinnar er hins vegar kveðið á um reglugerðarheimildir ráðherra á grundvelli greinarinnar og virðast þær of víðtækar. Sama má segja um hinn nýja 7. lið 7. gr. laganna, sem getið er um í c-lið frumvarpsgreinarinnar. Eðlilegra væri að umræddar heimildir til niðurfellingar og endurgreiðslu væru fortakslaust greindar í lögnum.

**Verslunarráð leggur því til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 5. gr. frumvarpsins:**

**b-liður:** Sett verði tiltekið hámark á það magn, sem ferðamenn og farmenn mega hafa með sér gjaldfrjálst inn í landið til eigin nota (ákvæði um þetta hámark eru nú í reglugerð 251/1992).

**c-liður:** Síðari hluti liðarins, sem á að verða 7. tl. 7.gr. orðist svo:  
"Af áfengi til iðnþarfa."

**e-liður:** Ákvæðið í þessum lið frumvarpsgreinarinnar falli niður.

Verslunarráð vonast til þess að nefndin taki mið af framangreindum athugasemdum við afgreiðslu sína á málinu.

Virðingarfyllt,  
fyrir hönd Verslunarráðs Íslands,



Birgir Ármannsson.